

SAMNINGUR

milli

Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfyrirtækja annars vegar

og

Alþýðusambands Íslands, Starfsgreinasambands Íslands, Samiðnar og
Rafiðnaðarsambands Íslands hins vegar

um viðauka við kjarasamning um virkjunarframkvæmdir á vegum Landsvirkjunar

1. gr.

Gildissvið

Samningur þessi er gerður á grundvelli bókunar í kjarasamningi aðila. Kjarasamningurinn gildir með eftirfarandi breytingum sem eingöngu ná til framkvæmda á Austurlandi.

2. gr.

Vinnutilhögun

Auk þeirra vinnukerfa sem kveðið er á um í kjarasamningi er heimilt að skipuleggja vinnu með þeim hætti að unnið sé samfellt í allt að 11 daga. Á það jafnt við um dagvinnu- sem vaktavinnukerfi.

Með samningnum fylgja dæmi um tímaskrift í vaktavinnu þegar unnið er í 11-3 kerfi (þ.e. 11 vinnudagar og 3 frídagar), 10-4 kerfi og 10-5 kerfi. Einnig er heimilt að samþætta þessi kerfi. Heimilt er að bera tímaskrift í öðrum kerfum undir samráðsnefnd til endanlegs úrskurðar.

Heimilt er að skipuleggja vaktasyrpu / vinnulotur þannig að unnið sé í 6-1 kerfi. Einnig er heimilt að skipuleggja vaktakerfi þannig að unnið sé á víxl 6-1 og 5-2. Að loknum samfelldum vinnulotum á starfsmaður rétt á lengra fríi.

3. gr.

Ferðir og ferðalaun

3.1. Endastöðvar

Endastöðvar í skilningi greinar 1.8.3. eru Reykjavík, Eskiðfjörður og Akureyri. Hvað varðar starfsmenn frá Norður- og Austur-Héraði og Fellabæ teljast Egilsstaðir vera endastöð.

3.2. Ferðir með flugi frá Reykjavík og Akureyri

Fyrir ferðir (flug og fólksflutningabifreið) milli Reykjavíkur og virkjunarsvæðis eru greidd ferðalaun, fari ferðir ekki fram í vinnutíma:

	1.4.-30.11.	1.12.-31.3.
Reykjavík – stöðvarhús	3,0 klst.	3,5 klst.
Reykjavík – Axarárþúðir	3,0 klst.	3,5 klst.
Reykjavík – Desjarástífla	4,0 klst.	4,5 klst.
Reykjavík – Sauðárdalur	4,0 klst.	4,5 klst.
Reykjavík – Glúmsstaðadalur	4,0 klst.	4,5 klst.



Ef flogið er milli Akureyrar og virkjunarsvæðis eru greidd ferðalaun, fari ferðir ekki fram í vinnutíma:

	1.4.-30.11.	1.12.-31.3.
Akureyri – stöðvarhús	2,5 klst.	3,0 klst.
Akureyri – Axarárþúðir	2,5 klst.	3,0 klst.
Akureyri – Desjarástífla	3,5 klst.	4,0 klst.
Akureyri – Sauðárdalur	3,5 klst.	4,0 klst.
Akureyri – Glúmsstaðadalur	3,5 klst.	4,0 klst.

Um akstur milli Akureyrar og virkjunarsvæðis fer skv. almennum reglum.

3.3. Ferðir milli Eskifjarðar og virkjunarsvæðis

Samkvæmt grein 1.8.2 í kjarasamningi ber að greiða fyrir ferðir milli Eskifjarðar og virkjunarsvæðis sem hér segir:

	1.4.-30.11.	1.12.-31.3.
Eskifjörður – stöðvarhús	2,0 klst.	2,5 klst.
Eskifjörður – Axarárþúðir	2,0 klst.	2,5 klst.
Eskifjörður – Desjarástífla	3,0 klst.	3,75 klst.
Eskifjörður – Sauðárdalur	3,0 klst.	3,75 klst.
Eskifjörður – Glúmsstaðadalur	3,0 klst.	3,75 klst.

3.4. Ferðir að hluta innan vinnutíma

Heimilt er að haga ferðum þannig að hluti ferðar fari fram í vinnutíma og dregst þá sá tími frá greiddum ferðatíma.

3.5. Fæði ef frí er tekið á virkjunarsvæði

Þegar frídagar / frívaktir eru teknir á virkjunarsvæði skal verktaki sjá starfsmönnum fyrir fríu fæði og húsnæði.

3.6. Lögheimili á virkjunarsvæði


Starfsmenn sem ekki hafa fasta búsetu á Íslandi teljast eiga lögheimili á virkjunarstað í skilningi gr. 1.8.9. Í ráðningarsamningi þeirra skal koma fram hvernig haga skuli ferðum til heimalands. Á heimferðardögum eiga starfsmenn rétt á ferðalaunum til Reykjavíkur eða Egilsstaða, eftir því sem við á. Sjá einnig bókun með viðauka þessum.

3.7. Lögheimili utan virkjunarsvæðis

Starfsmenn sem eiga lögheimili utan virkjunarsvæðis og vinna í 11-3, 10-4, 10-5, 8-4 eða 6-3 kerfi eiga rétt á heimferð í lok vinnulotu. Starfsmenn sem vinna í dagvinnukerfi skv. 2. kafla kjarasamnings, þannig að fimm dagar séu unnir og tveir dagar frí, eiga rétt á heimferð vikulega.

Þegar unnið er í 6-1 kerfi (eða 6-1 og 5-2 á víxl) á starfsmaður rétt á heimferð að loknum tveimur vinnulotum (heimferð á 12. til 14. degi). Að loknum slíkum samfelldum vinnulotum á starfsmaður rétt á fleiri frídögum en ella.

Heimilt er að gera samkomulag við starfsmann um að vinnulotur skv. viðauka þessum standi í allt að 4 vikur. Á þá starfsmaður rétt á fleiri frídögum en ella, a.m.k. vikufríi



Fylgiskjal. Dæmi um tímaskrift á 12 klst. vöktum.

Tímaskrift í 10-4 kerfi

Vikan Vikud.	1												2												3												4											
	m	b	m	f	f	f	s	m	b	m	f	f	f	s	m	b	m	f	f	f	s	m	b	m	f	f	f	s																				
Vaktavinnna	8,00	8,00	8,00	8,00	8,00	8,00	7,00	8,00	8,00	8,00	f	f	f	f	f	8,00	8,00	8,00	8,00	8,00	8,00	8,00	8,00	8,00	8,00	8,00	8,00	8,00																				
Yfirvinnna	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	6,00	4,50	4,50	4,50	f	f	f	f	f	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50																				

Vaktakerfið er ekki bundið við upphaf á tilefnum vikudegi.
Ef unnið er á sunnudögum fækkar vaktavinnustundum um 1,0
en yfirvinnustundum fjógar um 1,5 fyrir hvern unninn sunnudag.

A 4 Meðalf
vikum á viku
Vaktav.st. 158,00
Yfirvinnust. 93,00 23,25

[Handwritten signatures and initials]

